

Fundargerð 22. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn föstudaginn 14. nóvember 2008, kl. 8:30 í iðnaðarráðuneytinu.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Einar Karl Haraldsson, Anna G. Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Pétur Rafnsson, Sævar Skaptason og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Dagur B. Eggertsson, Dóra Magnúsdóttir, Gunnar Sigurðsson og Ólöf Ýrr Atladóttir.

Dagskrá:

- 1. Ferðaþjónustureikningar 2000-2006.** Vilborg Júlíusdóttir.
- 2. Sögutengd ferðaþjónusta.** Ásborg Arnþórsdóttir og Rögnvaldur Guðmundsson.
- 3. Fjárlagafrumvarp 2009.** Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.
- 4. Kynningarstarf:**
Kynningarfundir Ferðamálastofu, Höfuðborgarstofu, SAF og Útflutningsráðs.
Viðbrögð við ályktun síðasta fundar ferðamálaráðs.
Ísland á World Travel Market í London.
Promote Iceland.
- 5. Fjármögnun almennagæða.** Hugmyndir ferðamálaráðs.
- 6. Önnur mál.**

Fundargerð 21. fundar samþykkt.

1. Ferðaþjónustureikningar 2000-2006. Vilborg Júlíusdóttir hagfræðingur á Hagstofu Íslands kynnti helstu niðurstöður. Hér eru komin u.þ.b. 70% af heildstæðu yfirliti yfir ferðaþjónustureikninga skv. aðferðarfræði OECD um hliðarreikning við þjóðhagsreikning, Tourism Satellite Account. Miklar umræður spunnust um reikningana og fögnuðu fulltrúar í ferðamálaráði mjög þessum áfanga. Eftirfarandi ályktun var samþykkt og send iðnaðarráðherra:

Ferðamálaráð fagnar því að ráðuneyti ferðamála hafi staðið fyrir gerð ferðaþjónustureikninga fyrir Ísland. Í þeim koma fram greinargóðar og mikilvægar upplýsingar um þýðingu greinarinnar fyrir íslenskt efnahagslíf.

Reikningar af þessu tagi, samkvæmt alþjóðlegum stöðlum, eru stjórnvöldum og ferðaþjónustunni sjálfri gríðarlega mikilvægir og því nauðsynlegt að halda gerð þeirra áfram og koma þeim í fastan farveg.

Einnig þarf að dýpka athuganir t.d. á skattgreiðslum tengdum ferðaþjónustu, fjármála- og tryggingaþjónustu tengdum greininni og fá betri gögn og gleggri mynd af ýmsum vaxtabroddum í greininni víða um land. Hlut greinarinnar t.d. í smásöluverslun þarf einnig að greina betur. Ferðamálaráð beinir því til ráðherra ferðamála að hann standi vörð um áframhald gerðar ferðaþjónustureikninga í nánú samstarfi við Hagstofu Íslands.

2. Sögutengd ferðaþjónusta. Ásborg Arnþórsdóttir og Rögnvaldur Guðmundsson komu á fundinn, færðu gjafir og greindu frá starfi Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu og þýðingu

Þess fyrir nýsköpun í greinininni. Tóku þau dæmi um eyjuna Mön á Írlandshafi sem byggir blómlega ferðaþjónustu svo til eingöngu á sögu sinni og menningu. Óskuðu RG og ÁA eftir samstarfi við ferðaþjónustuna, opinbera aðila sem einkafyrirtæki og var erindi þeirra vel tekið.

3. Fjárlagafrumvarp 2009. Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.

EKH greindi frá stöðu fjárlagafrumvarpsins í því efnahagsástandi sem nú blasir við. Rætt var um framhald stórra verkefna eins og Iceland Naturally í Bandaríkjunum og Evrópu. Óskað var eftir að fá kynningu á þeim á næsta fundi ráðsins og einnig markaðsáætlun Ferðamálastofu. Farið var vítt og breitt yfir stöðu kynningarmála og m.a. gerð grein fyrir yfirstandandi stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á útflutningsaðstoð og landkynningu.

4. Kynningarstarf:

Fyrsti kynningarfundur Ferðamálastofu, Höfuðborgarstofu, SAF og Útflutningsráðs gekk vel. Framtakinu hrósað og það talið mikilvægt skref í frekara samstarfi þessara aðila.

Viðbrögð við ályktun síðasta fundar ferðamálaráðs voru þau að unnið væri að því að leita leiða til að auka fjármagn til landkynningarmála og markaðsstofa auk þess sem tillögur um nýsköpun og atvinnuþróun í ferðaþjónustu væru í vinnslu.

Kaupstefnan World Travel Market í London gekk vel og eins móttaka í íslenska sendiherrabústaðnum.

Promote Iceland er enn á viðræðustigi en greint var frá því að Ferðamálastofa hefði tekið upp viðræður við utanríkisráðuneytið um samstarf.

5. lið var frestað.

Fundi slitið kl. 10:10. Næsti fundur ekki ákveðinn en verður haldinn fyrirhluta desembermánaðar.